



Dagsetning: 5. janúar 2024
Málsnúmer: 2307082/5.0

Til félagsmálanefndar

MINNISBLAÐ

Reglur Fjarðabyggðar um fjárhagsaðstoð

Lagðar eru til breytingum á reglum Fjarðabyggðar um fjárhagsaðstoð. Markmið breytinganna er að skýra, einfalda og uppfæra reglurnar.

Breytingarnar voru gerðar með samanburði á leiðbeinandi reglum, reglum Akureyrarbæjar og reglum Reykjavíkurborgar. Sjá fylgiskjal.

Töluverðar orðalagsbreytingar voru gerðar með ofangreint markmið í huga.

Þær efnislegu breytingar sem voru gerðar á reglunum voru eftirfarandi:

Grunnframfærsluviðmið voru uppfærð í samræmi við viðmið Umboðsmanns skuldara, sjá nánar á <https://www.ums.is/is/adstod-vid-greidsluvanda/framfaerslu-reiknivell>

Aðrar breytingar á viðmiðum voru gerðar með hliðsjón af leiðbeinandi reglum ráðuneytis, þær eru eftirfarandi:

Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er á kvarðanum 1,6 (framfærsluviðmið einstaklings * 1,6).

Framfærslugrunnur einstæðra foreldra er á kvarðanum 1,6.

Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð með börn er á kvarðanum 1,8.

Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna í frístund, fimm daga í viku. Fjárhæð fjárhagsaðstoðarinnar tekur mið af gjaldskrá leik- og grunnskóla Fjarðabyggðar hverju sinni. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Áhersla er lögð á í leiðbeinandi reglum að sérstakt tillit sé tekið til barna og barnafjölskyldna og sama á við um áherslur Barnvæns sveitarfélags, því eru eftirfarandi atriðum bætt inn í reglurnar.

a) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst



og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 1/10 af grunnframfærslu fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

b) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar eða á grundvelli einstaklingsáætlunar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólalagvist, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags-, íþrótta- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

Skerpt var á því að önnur tekjuviðmið, þ.e. tekjuviðmið Tryggingarstofnunar eru notuð þegar um ábyrgðaryfirlýsingu vegna tryggingar húsaleigu, áfengis- og vímuefna meðferðar, garðsláttar og áfallaaðstoðar er að ræða (t.d. vegna náttúruhamfara).

Eftirfarandi atriði var bætt við þar sem reynslan hefur sýnt að þörf er á aðstoð sem þessari:

Heimilt er að veita styrk til þeirra sem eru með skattskyldar tekjur um eða við tekjuviðmið Tryggingarstofnunar, til heildarþrifa á íbúð sem er orðin það heilsuspillandi að illmögulegt er að búa við þær aðstæður. Skilyrði er að starfsmaður fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar meti aðstæður. Styrkurinn er greiddur skv. reikningi beint til þjónustuveitanda.

Aðrar efnislegar breytingar voru ekki gerðar en áhersla var á að skýra og einfalda reglur og verklag.

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir
Stjórnandi félagsþjónustu

